

Launakjör sveitarstjórnar, byggðarráðs, nefnda og vinnuhópa hjá Borgarbyggð

Laun sveitarstjórnar, byggðarráðs, nefnda og vinnuhópa hjá Borgarbyggð eru reiknuð út frá 80% af þingfararkaupi alþingismanna. Þingfararkaup alþingismanna eru kr. 1.107.569 frá 01.01.2020 og 80% af þeirri fjárhæð eru kr. 936.455. Hér að neðan eru upplýsingar um hve hátt hlutfall af þeirri upphæð er greitt fyrir hvert starf.

Forseti sveitarstjórnar 23,0% á mánuði, sveitarstjórnarmenn 14,0% á mánuði, varamenn í sveitarstjórn 3,5% á fund, formaður byggðarráðs 23,0% á mánuði, byggðarráðsmenn 19,5% á mánuði, áheyrnarfulltrúi í byggðarráði 14,0% á mánuði, varamenn í byggðarráði 3,5% á fund, formaður nefndar 3,5% á fund, aðrir nefndarmenn 1,75% á fund, formaður vinnuhóps 1,5% á fund og aðrir fulltrúar í vinnuhóp 1,0% á fund.

Fulltrúar í byggðarráði fá greiddar kr. 5.000 á mánuði fyrir notkun á eigin síma. Aðrir fulltrúar í sveitarstjórn fá greiddar kr. 3.500 á mánuði fyrir notkun á eigin síma.

„Akstur kjörinna fulltrúa vegna sveitarstjórnarfunda, byggðarráðsfunda, funda í nefndum á vegum Borgarbyggðar og annarra funda sem boðað er til af sveitarstjóra Borgarbyggðar er greiddur skv. framlögðum akstursdagbókum. Akstur vegna undirbúnings sveitarstjórnarfunda og byggðarráðsfunda er greiddur að hálfu samkvæmt akstursdagbók.“